


MONITOR




TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



WRIGLEY'S
Extra[®]

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur..



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætufrumus í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



Sparað í tískuheimum

Monitor fékk til liðs við sig tvær smekklegar dömur í verslunarferð. Förrinni var heitið í Kolaportið sem er einn vinsælasti verslunarstaður Íslendinga í dag. Stelpurnar fengu hvor um sig 5.000 kr. og höfðu klukkustund til að versla sér dress frá toppi til tóar og sýndu okkur að það þarf ekki mikla peninga til að líta vel út.



Elísabet Gunnarsdóttir 23 ára

„Mamma, handboltafrú og búðarápari í Svipjód fyrir Íslendinga.“

Hvar verslar þú á Íslandi?

Hér og þar. Mér finnst alls ekki mesta málið að kaupa flíkina í réttu búðinni, frekar að flíkin sé rétt, sama af hvaða slá hún kemur.

Hvað átt þú mörg skópör?

Mörg. En hef alltaf pláss fyrir fleiri.

Verslar þú vintage-fatnað?

Já, í bland við nýtt. Skemmtilegustu flíkurnar í fataskápnunum eru yfirleitt vintage. Maður getur farið öruggur út úr húsi vitandi að maður mæti ekki neinum í alveg eins. Það er það sem gerir vintage flíkur meira sérstakar en aðrar.

Lýstu fatastílnum þínum:

Rokkuð, klassísk rómantík. Bland af trendum tískupallanna saman við innblástur götu-tískunnar er eitthvað sem á vel við mig.

Hvað eyðir þú miklum pening í fót á mánuði?

Fer bæði eftir því hversu miklum tíma ég eyði í búðum þann mánuðinn og að sjálfsögðu hvað buðan ræður við.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvernig myndir þú fá þér og hvar?

Nýjasti fylgihluturinn eru svokölluð temporary tattoos svo spurning hvort maður byrji allavega á að láta það bara nægja? Gott að geta skipt eftir því hvað hæfi hverri kvöldstund. Frá því að dóttir mín fæddist hef ég mikið hugsað um það að festa nöfn barnanna á mig. Ætli ég myndi ekki velja einhvern stað sem lítið ber á, þar sem ég væri meira að fá það fyrir sjálfa mig heldur en uppá lúkkið.

Elísabet klippti kjólinn stuttan og gerði hnésokka úr sokkabuxum.



Kjöll 2.000 kr.
 Skór 2.000 kr.
 Sokkabönd 500 kr.
 Sokkar (klipptar sokkabuxur, þrjár í pakka) 300 kr.
Samtals = 4.800 kr.

Anna Kristín Baldvinsdóttir 21 árs

„Mamma í fullu starfi og verðandi nemi.“

Hvar verslar þú á Íslandi?

Alls staðar þar sem ég finn mér eitthvað fint. Ég fíla búðir eins og Top Shop og Zöru. Ég elska Kronkron og svo finnst mér ég líka alltaf finna mér eitthvað fallegt í Nostalgiú.

Hvað átt þú mörg skópör?

Ég hef ekki hugmynd, en alltof fá!

Verslar þú vintage-fatnað?

Já þá það kemur fyrir, verð þó að viðurkenna að ég er mjög lélegur gramsari.

Lýstu fatastílnum þínum:

Afslappaður en samt töffaralegur, þínu svona tomboy-lúkk.

Hvað eyðir þú miklum pening í fót á mánuði?

Reyni að þæla sem minnst í því, en það er mjög misjafnt.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar?

Ég myndi láta skrifa eitthvað á mig og það yrði örugglega á innanverðum neðrihandleggnum.

Kjöll 1.500 kr.
 Armband 700 kr.
 Hálsskraut 1.000 kr.
 Skór 1.000 kr.
 Sokkabuxur (þrjár í pakka) 300 kr.
 Belti 500 kr.
Samtals = 5.000 kr.

Anna keypti trefil og batt hann saman við endana svo úr varð einskonar hálsmen.



Steldu stílnum

Heitustu buxurnar í Hollywood fyrir sumarið eru frá J Brand Houlihan og eru allar helstu stjörnurnar búnar að næla sér í eintak. Buxurnar kosta 250 Bandaríkjadali eða 32.000 kr. og mælum við því heldur með buxum frá Zöru.



N1

LANDS LEIKURINN

SUMARIÐ 2010

STIMPLAÐU ÞIG INN Í SUMARIÐ MEÐ N1

Taktu þátt í skemmtilegum leik á ferðalaginu í sumar. Safnaðu stimplum í Vegabréfið þitt hjá þjónustustöðvum N1 um land allt, lærðu meira um landið þitt og fáðu skemmtileg verðlaun. Þú skilar svo inn fullstimpluðu Vegabréfi og átt kost á glæsilegum vinningi! **Vertu með.**

GJAFIR FYRIR DUGLEGA STIMPLASAFNARA



VINNINGAR

1x FERÐ INNANLANDS FYRIR FJÖLSKYLDUNA
 Ferð fyrir fjóra: Flug, gisting, miðar í leikhús, gjafabréf út að borða, afnot af bílaleigubíl frá Bílaleigu Akureyrar og skotskilfur.

3x BROIL KING GEM
3x GARMIN
3x IPOD NANO
10x DVD FERÐASPILARI

10x IPOD SHUFFLE
10x N1 INNKORT
20x FERÐASPIL
20x PARTÍPLATTAR

20x FJÖLSKYLDU- OG HÚSDYRAGARÐURINN
20x MÁLTÍÐ FYRIR FJÖLSKYLDUNA
20x MÁLTÍÐ FYRIR TVO

200x LAUGARÁS BÍÓ
 BÍÓMIÐAR FYRIR TVO


340
VINNINGAR

NÁÐU ÞÉR Í VEGABRÉF Á NÆSTU ÞJÓNUSTUSTÖÐ N1



Fylgstu með okkur á Facebook. Heppnir Facebook-félagar fá óvæntan glaðning reglulega í sumar.

Skrifaði á morgnana og uppskar lungnabólgu




ÆVAR ER FJÖLHÆFUR MED EINDÆMUM

Mynd/Eggert

Leikarinn Evar Þór Benediktsson gefur út sína fyrstu bók

„Þetta eru svoltið súrar sögur, en það var gaman að skrifa þær og ég vona að það skíni í gegn,“ segir Evar Þór Benediktsson sem er að gefa út sína fyrstu bók, smásögusafnið Stórkostlegt líf herra Rósar og fleiri sögur af ótrúlega venjulegu fólki. „Það er farið um víðan völli í bókinni; fjallað um mannát og minnisleysi í bland við skuggaskort og aðra hversdagslega hluti,“ segir Evar. Margir kannast við Evar úr leiklistinni en hann lék til dæmis í söngleikum Grease og lék ástmann Georgs Bjarnfredarsonar, Óðinn, í Dagvaktinni. Um síðustu helgi útskrifaðist hann sem leikari úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands.

Evar hafði nokkuð sérstakan hátt á við vinnslu bókarinnar. „Bókin inniheldur 30 smásögur sem voru samdar í fyrravetur. Ég var alltaf í skólanum frá hálf níu og langt fram á kvöld en langaði að skrifa og ákvað því að setja mér þær vinnureglur að vakna klukkutíma fyrir á



hverjum morgni og nota þann tíma í að skrifa,“ segir Evar. „Ein saga á dag og það mátti ekkert vera ákveðið fyrirfram.“

Leiklist og skrifur í bland

Evar neitar því að það hafi verið erfitt að fá andann yfir sig svo snemma á morgnana, þvert á móti hafi verið gott að vinna undir pressu. Þessir vinnuhættir höfðu þó ókost í för með sér. „Þótt ég vaknaði klukkutíma fyrir fór ég aldrei klukkutíma fyrir að sofa, þannig að smám saman var ég búinn að missa út alveg einn og hálfan sólarhring. Á endanum varð ég fátægur, fékk lungnabólgu og var frá í þrjár vikur,“ segir Evar og hlær. Hann er þó í litlum vafa um að hann vilji starfa við leiklist og skrifur í bland í framtíðinni. „Þetta er tvímælalaust það sem ég vil gera, enda ógeðslega gaman,“ segir Evar. Stórkostlegt líf herra Rósar er gefin út hjá Nykri og er væntanleg í verslanir í næstu viku.

Á Facebook.com/herraros má lesa brot úr bókinni og skoða myndbönd tengd henni.

Joggingbuxur koma skemmtilega á óvart

Leifur kíkti með Monitor í uppáhalds búðina sína hérlendis, Sautján. Þar var að finna ýmislegt sem vakti lukku.



LEIFUR HREGGVIÐSSON

18.06.93
Lauk nýverið fyrsta ári í Versló

Hvað fílar þú helst í tisku um þessar mundir?
Mér finnst gulrótarbuxur og „boat shoes“ virkilega flott núna.

Hvað fílaðir þú helst við lúkkid?
Buxurnar voru mjög töff.

Hvaða flík keyptir þú síðast?
Hvíta skó í Sautján.

Hvar verstar þú helst á Íslandi?
Ég versta mest erlendis en hér heima væri það Sautján.

Uppáhaldsflík?
Hettupeysa sem ég keypti í London.

Er eitthvað sem þú myndir aldrei klæðast?
Fatamerkinu Björkvín.

Hvað ertu að hlusta helst á?
Ég hlusta mikið á hip-hop og rapp.

Uppáhaldskvikmynd?
Shawshank Redemption er í miklu uppáhaldi.

Ertu að fylgjast með einhverjum þáttum?
Ég horfi mikið á Entourage og How I Met Your Mother.

Notar þú snyrtivörur?
Ég nota þessar helstu karlmanssnyrtivörur, rakspíra, gel og fleira.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?
Ég er að vinna í knattspyrnskóla Víkings og fer svo á spænskunámskeið til Madrid í ágúst.

Fallegasti karlmaður í heimi?
Pharrell Williams.

Fallegasti kvenmaður í heimi?
Rihanna.



HÁRGLJÁI MED KÓKOSOLÍU
Gefur hárinu fallegan gljáa.
990 kr.

DIESEL JAKKI
Flottur basic jakki fyrir hvaða típu sem er.
16.990 kr.

DIESEL PEYSA
Þessa er hægt að nota endalaust og ætti hún að vera til í öllum herra-fataskápum.
17.990 kr.

DIESEL BOLUR
Mynstraðir stuttermabolir eru heitir í sumar.
5.990 kr.



DIESEL JOGGINGBUXUR
Ný típa af herrabuxum sem eru algjörlega málið í dag. Fyrir utan það að vera hrikalega töff eru þær þægilegar.
12.990 kr.

MACA ROOT-SVITALYKTAREYÐIR
Inniheldur græðandi aloe vera-gel.
1.260 kr.

CONVERSE SLIM-SKÓR
Nettari útgáfa af klassisku Converse-skónum sem er góð viðbót í skólsafnið.
15.990 kr.



Nýir smellir á vínplötu

Hljómsveitin Sudden Weather Change, sem var á dögnum valin bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum, er nýlent á landinu eftir stuttan Evróputúr þar sem þeir léku meðal annars fyrir Belga, Þjóðverja og Breta.

Þeir gefa nú út sjö tommu vínplötu sem inniheldur tvö ný lög, glóðvolg úr ofninum og bera heitin The Thin Liner og The Whaler. Aðspurður segir Dagur Sævarsson, einn þriggja gítarleikara hljómsveitarinnar, þá hafa valið vínplötu til þess að vera kúl og það eru þeir vissulega eins og almenningur fær tækifæri til að sjá með eigin augum á ókeypis tónleikum í plötuversluninni Havarí við Austurstræti klukkan 16 á laugardag. Þar munu félagarnir leika nýju lögin auk þess sem þeir taka nokkur vel valin lög úr safninu. Þá verður nýja smáskífan til sölu á sérstöku tilboðsverði.



Katy Perry berar bossann

Söngkonan Katy Perry kemur fram nakin í nýjasta myndbandi sínu við lagið California Gurls. Það telst svo sem ekkert sérstaklega fréttanæmt á þeim tímum sem við lifum á, en Katy gerir það reyndar talsvert smekklegar en margar kynsystur hennar úr tónlistargeiranum. Rapparinn Snoop Dogg kemur fram í laginu og myndbandinu með Katy, en þar sjást þau í hinu draumkennda Candyfornia-landi þar sem allt er fullt af íspinnum, sleikjóum og dónalegum hlaupböngsum.

Lagið California Gurls nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir, en það er að finna á væntanlegri plötu söngkonunnar, Teenage Dream, sem er væntanleg í lok sumars. Síðasta plata hennar, One of the Boys, kom út 2008 og naut mikilla vinsælda þrátt fyrir að hafa fengið fremur lélega dóma hjá gagnrýnendum.

Myndir/Árni Sæberg

Íslendingar til hamingju með daginn!

Aðeins í dag
17. júní



©Disney

Plúto, Mikki, Andrés, Guffi og Jóakim
við skjaldamerkið 2010

Allir sem gerast áskrifendur að Andrési Önd í dag 17. júní
fá í kaupbæti fimm Andrésblöð í safnið, möppu og RisaSyrpu.

Disney
ANDRÉS ÖND

WWW.ANDRÉSÖND.IS

Fæst afhent hjá Eddu útgáfu, Lynghálsi 4 frá og með 18. júní gegn framvísun skráningarstaðfestingar



Næstum eins og í

Þorvaldur Davíð Kristjánsson, sem Ameríkanar kalla Thor, stundar leiklistarnám í hinum virta Juilliard skóla. Nú sér fyrir endann á náminu en hann er fullur ákafa og tilbúinn að takast á við nýjar áskoranir.

Texti: Haukur Johnson haukurjohnson@monitor.is
Myndir: Ernir ernir@mbl.is

Hann var ekki hár í loftinu þegar ferill hans hófst og muna margir eftir honum barnungum í hlutverkum Bugsy Malone eða Simba í Lion King og síðar í söngleikjum Versló og svo í stóru leikhúsum landsins. En Þorvaldur Davíð Kristjánsson hefur ekki endað í ruglinu eins og svo margar barnastjörnur heldur þvert á móti haldið áfram að vaxa og dafna. Eftir að hafa verið ár í leiklistardeild Listaháskóla Íslands komst hann inn í hinn virta Juilliard skóla í New York og fetaði þar með í fótspor ekki ómerkari manna en Kevin Spacey, Robin Williams, Val Kilmer og fleiri. Hann setur markið hátt og þótt hann segist alltaf muna snúa heim á ný þótti Monitor vísast að grípa tækifærið meðan hann er enn innan seilingar og ræða við hann um lífið og bransann í New York.

Þú ert búinn að vera þarna í þrjú ár núna og átt eitt ár eftir. Hvernig verður því háttáð og muntu fara að undirbúa þig fyrir næstu skref innan bransans?

Síðasta árið í skólanum snýst að mestu leyti um uppsetningar á leikverkum þar sem New York býum gefst tækifæri til að koma og sjá okkur nemendurna í fullunnum leiksýningum líkt og hér heima í nemendaleikhúsinu. Núna er ég búinn með síðasta formlega leiklistartímamann minn og það má því eiginlega segja að framundan sé „plain business“. Á milli þess sem við erum að setja upp og æfa þessar sýningar þá förum við í tíma sem tengjast hinum harða leikhúsheimi. Tímar með svokölluðum „casting-directors“ þar sem við lærum hvernig á að koma fram í leikprufum svo maður geti náð í rétta starfið. Svo lærum við inn á hvernig fót fara okkur best í myndatökum, skoðum hvernig við litum út fyrir framan myndavélina, skoðum amerísk skattamál og svo framvegis. Það er sem sagt allt lagt í að auðvelda okkur umskiptin milli náms og atvinnulífs.

Hvað muntu hafa fyrir stafni á meðan þú ert á landinu í sumar?

Sumarið mun fyrst og fremst fara í að undirbúa næsta vetur, koma mér í form og vinna heimavinnuna fyrir leiksýningarnar

í skólanum. Svo er skólafélagi minn, doktorsnemi í tónlistardeildinni, nýkominn hingað til lands til að semja tónlist við handrit að óperu sem við skrifuðum saman þegar við ferðuðumst um Ísland síðasta sumar. Við verðum því að vinna við að fullklára verkið en ætlunin er að frumsýna það í Juilliard næsta vor. Svo er einn af æskuvinum mínum úr Langholtshverfinu að fara að gifta sig og ég frestaði ferðinni til baka til þess að geta verið viðstaddur þennan merka áfanga í hans lífi. Það má því segja að ég sé að veita vini mínum andlegan stuðning í sumar en hann tekur mig í einkaþjálfun í Laugum í staðinn. En hann er svakalega fit og kallar sig „Sky“. Menn eiga það til að segja „sky is the limit“ þegar kemur að því að taka dropsetin í lok hvers lyftingatíma.

Hvernig venst lífið í New York?

Er þetta ekki svolítið eins og að vera bara alltaf staddur í bíómynd?

Borgin sefur ekki og maður sefur lítið sjálfur. Það er alltaf eitthvað í gangi og hún einhvern veginn nærir mann á ótrúlegan hátt. Þetta er náttúrulega ekki nákvæmlega eins og í Friends, Sex and the City eða í bíómyndum, en nálægt því. Ég bý á Upper West Side, fyrir aftan Metropolitan óperuna og í rauninni beint fyrir aftan skólann. Þetta er mjög miðsvæðis en eina ástæðan fyrir því að ég get búið þarna er sú að við hliðina á byggingunni minni er svona smá gettó sem gerir íbúðina aðeins ódýrari. En samt er þetta rándýrt.

Ertu þá í einhverri hættu þarna?

Fyrsta árið mitt var einhver skotinn fyrir utan bygginguna mína. Svo var bíll sprengdur fyrir utan hjá mér einu sinni. Við kærastan mín vöknudum við einhvern hvell og ég hélt kannski að það væri bara þrumuveður. En þegar ég kom út daginn eftir þá stóð þar bíll sem hafði greinilega verið sprengdur! Þannig að það gerist ýmislegt þarna en ég er ekki í neinni hættu. Donald Trump er búinn að kaupa allt þarna í kring og þetta er mjög góð staðsetning. Stutt frá garðinum og svona.

En þú hefur líka hlotið einhverja styrki og hlaust meðal annars einn frá Robin Williams. Hvernig kom það til að hann valdi þig?

■ ■ Ég ætla að sjá hvernig það gengur en ég ætla ekki að vera að ströggla sem leikari í New York í einhver ári. Ekki séns.

viðtalið

Því bíómynd

Á 60 SEKÚNDUM

Bíómynd sem þú hefðir viljað leika í: Paradísarbíó (Cinema Paradiso)

Átrúnaðargoð í æsku: Ég átti mér ekkert ídol að ég held, en ég hélt mikið upp á Frank Sinatra.

Uppáhaldsstaður á Íslandi: Það er erfið spurning. Borgarfjörður Eystrí kemst ofarlega á blað en svo er Kollafjarðarnes byrjað að vera í upphaldi hjá mér. Það er tengt kærustunni minni.



Uppáhaldsstaður í New York: Það eru sko margir, margir staðir en það er sérstakur sælureitur í Central Park sem ég held mikið upp á.



Dýr sem þú líkist: Það fer svolítið eftir því í hvernig skafi ég er. Ætli ég segi ekki bara að ég líkist íslenskum fjárhundi með scháfer gen.

Mesta fóbía: Ég vil ekki segja það, þá er ekki hægt að nota það gegn mér.

Hlutur sem þig langar í: Hús og frelsi.

Manneskja sem þú vildir bjóða í hádegismat: Kærastan mín.

margir komið í gestatíma, slatti af áhrifamiklu fólki og frábærum kennurum og leikurum. Ég þekkti nöfn þessara aðila kannski ekki fyrirfram en svo þegar þau mættu á svæðið þá fattaði ég: „Já, þessi gæi. Hann lék í Face-off.“

En það er mjög mikið af þekktu fólki í borginni og þau eru úti um allt. Svo það fer að verða svolítið hversdagslegt að rekast á svona fólk.

Þarf maður að vera „einhver“ til þess að geta notið sín í borg eins og New York, eins og til dæmis þegar kemur að skemmtanálífinu?

Hluti af þessum skemmtanaíðnaði er auðvitað að láta sjá sig og reyna að komast í blöðin og allt það. Þetta er svolítið myndin sena. Á finu klúbbunum er það þannig að sætar stelpur, til dæmis fyrirsætur, geta alltaf farið inn en svo koma ríkir karlar, eða ríkir pabbastrákar, og kaupa borð og flöskur og borga allt áfengi fyrir stóran fjölda af stelpum svo þær sitji á borðinu þeirra. Svo það er mikið af ungum konum á þessum stöðum og svo mikið af ríkum körlum. Ég hef auðvitað kíkt á þessa klúbba en finnst tónlistin yfirleitt frekar leiðinleg og andrúmsloftið helst til of yfirborðskennt fyrir minn smekk. Þannig að ég reyni að takmarka heimsóknir mínar á slíka staði. Finnst yfirleitt best að fara út að borða með konunni eða fara á barinn með félögum og fá mér tvo kalda – jafnvel einn skota on the rocks.

Er þá ekki mikið glamúr líf í kringum skólann?

Nei, ég myndi ekki segja það. Við erum í skólanum frá níu á morgnana til svona hálf ellefu á kvöldin. Þetta er mikil vinna og við erum þarna til þess að læra. Maður var bara í svörtum jogginggalla meira eða minna fyrstu þrjú árin. Svo þetta er alls ekkert djamm líf. Allavega ekki hjá mér.

Hvernig gengur þér sem útlendingi að leika á ensku? Mun það hamlar þér að hafa ekki haft ensku fyrir móturmál?

Ég er í sömu tímum og allir aðrir í skólanum en ég hef líka sóst eftir aukatímum hjá þessum svokölluðu talkennurum til þess að læra hljóðin eins vel og ég mögulega get. Þetta er auðvitað töluvert erfið fyrir Íslendinga og að mínu mati er erfiðara fyrir okkur að tala ameríska ensku vel heldur en breska ensku. Ég hef samt leikið allt. Ég hef leikið ógæfumann frá New York og lögreglumann frá Suðurríkjunum. Ég lék líka spænskan prins í einu leikriti í vetur, talaði þá ensku með spænskum hreim. Við lærum alþjóðlega hljóðfræði og hljóðritun sem við notfærum okkur til að læra mismunandi

Það voru kennarnir sem völdu mig fyrir hans hönd. Ég þurfti bara að skrifa honum bréf. Svo hitti ég hann og hann er mjög finn gæi. Hann kom í skólann þegar skólastjórnin átti 25 ára starfsafmæli og þá var ég fenginn til að labba aðeins um með hann og hann var mjög finn. Ekki hár í loftinu og kallaði mig „the little viking“.

Var það ekkert stressandi að hitta þennan fræga mann?

Það var ekki eins skrítið og ég hafði átt von á. Það eru mörg ár síðan hann var þarna en samt eru einhverjir af hans gömlu kennurum að kenna mér svo við áttum eitthvað sameiginlegt. Svo spurði hann mig út í dansstelpurnar í skólanum og hann á greinilega góðar minningar af þeim frá sínum yngri árum. Það er töluvert flæði af frægu fólki sem kemur í skólann þannig að þetta var kannski ekki svo óvenjulegt, þótt það sé yfirleitt ekki svona rosalega frægt eins og hann. En ég kippti mér einhvern veginn ekkert upp við þetta.

Hafa ekki einhverjir frægir leikarar tekið að sér kennslu í skólanum líka?

Jú, en þegar ég segi þekktir leikarar þá á ég ekki bara við Hollywood-stjörnur heldur líka leikhússtjörnur af Broadway. Það hafa mjög

▲▲ Ég þekkti nöfn margra þessara aðila kannski ekki fyrirfram en svo þegar þau mættu á svæðið þá fattaði ég: „Já, þessi gæi. Hann lék í Face/Off.“



mállýskur og þetta hefur bara gengið mjög vel hjá mér. Þetta er þó ævilöng vinna ef þú ætlar að verða eins góður og þú mögulega getur orðið.

Er öðruvísi að leika fyrir útlendinga en Íslendinga? Þú hefur lengi verið vel þekktur á Íslandi. Hvernig er að leika fyrir fólk sem veit ekkert hver þú ert?

Ég finn ekki mikinn mun á áhorfendum nema þá kannski að amerískir áhorfendur eru gjarnari á að rísa úr sætum að lokinni sýningu. Þeir eru kannski svolítið opnari og oft voðalega sáttir, en þeir íslensku eru kannski rólegri á því. Fyrstu árin sýndum við bara fyrir útvalda en nú eru sýningarnar okkar opnar öllum og það má kannski segja að það sé ekki jafnmikil pressa að leika fyrir fólk sem veit ekkert hver maður er. Mér finnst í rauninni mjög skemmtilegt að geta bara byrjað á núlli. Þá get ég líka leyft mér miklu meira.

Þú hefur alltaf verið svolítið viðriðinn tónlist og þú og félagi þinn gáfuð meðal annars út sumarsmellin Sumarsögu í fyrra. Hefurðu áhuga á að fíkra þig meira áfram á því sviði?

Ég hef alltaf haft áhuga á tónlist og já, ég hef áhuga á að gera meira af því. Ég fór að læra á gítar í fyrra, reyndar bara til þess að verða betri leikari, en gítarspil og söngur krefst mikillar samhæfingar sem er gott fyrir alla leikara að vinna í. Svo er Juilliard líka einn besti tónlistarskóli í heimi og ég vildi nýta mér það að hafa allt þetta hæfileikaríka fólk í kringum mig. Ég er kominn í hljómsveit núna með nokkrum krökkum, úr tónlistardeildinni í Juilliard, sem má segja að séu einskonar útlagar úr klassísku deildinni. Þetta er lítil hópur krakka sem vildi stíga út fyrir hið hefðbundna klassíska tónlistar-box. Ég tók upp tvö demó með þeim áður en ég kom heim. Þetta eru heimsklassatónlistarmenn og ég lét gítarinn alveg vera þegar ég er með þeim, en ég sem melódíur og syng. Mig langar mikið að reyna að fá þessa hljómsveit hingað til lands til að taka upp plötu og halda tónleika. Vonandi kem ég þeim á klakann fyrir

næsta Airwaves. Þau kalla sig The Whiskey Collection og þegar ég er með þeim þá köllum við okkur Thor and the Whiskey Collection, en ég er sem sagt kallaður Thor þarna úti.

Munt þú þá vera listaður sem Thor ef þú landar hlutverki í bandarískri bíómynd?


Já. Ég er bara kallaður það. Ég reyndi að láta kalla mig Þorvald fyrstu vikuna í skólanum, en kaninn réð ekki við það, svo niðurstaðan var því Thor. Svo ef ég lendi einhversstaðar á amerískum markaði þá verð ég bara Thor Kristjansson. Ég kippi mér lítið upp við það. Það er mjög norrænt og kaninn tekur vel í það..

Stefnir þú á að meika það í Bandaríkjunum að þessu námi loknu?

Á lokaárinu munu umboðsmenn fylgjast með okkur og út frá því verður okkur úthlutaður einn slíkur. Ég ætla að sjá hvernig það gengur en ég ætla ekki að vera að ströggla sem leikari í New York í einhverj ár. Ekki séns. Ég ætla bara að sjá hvort þetta virkar eða ekki. Það fyrsta hjá mér var að komast í skólann og það næsta er að klára hann. Svo er allt opið eftir það. Ég væri mjög til í að vinna mér inn smá pening eftir langa námsmannadöl. Það tekur auðvitað á að eiga lítinn sem engan pening og geta ekki keypt sér neitt. En þetta er búið að vera alger draumur og það hafa verið forréttindi að fá að stunda nám við svona góðan skóla. Ég er ofboðslega þakklátur fyrir þá þekkingu og reynslu sem borgin og skólinn hafa gefið mér. En brátt kemur að kaflaskiptum í mínu lífi. Ég er bjartsýnn og sé fram á góða tíma – en góðir hlutir gerast hægt.

Má þá allt eins búast við því að þú snúir aftur heim?

Ég kem alltaf heim. Það koma alltaf allir heim í sama hvaða formi sem það nú er. Ég get alveg hugsað mér að vera úti en ég veit ég mun alltaf koma heim. Ég elska land mitt og þjóð. Hvenær það verður kemur bara í ljós. Ég lífi á áskorunum og þarf að skora sjálfan mig á hólmi reglulega til þess að halda lífsþróttinum gangandi. Það var ástæðan fyrir því að ég fór út, ég vildi þroskast meira og takast á við áskoranir á öðrum vígstöðvum. Næsti ákvörðunarstaður í mínu lífi ræðst af því, býst ég við, og svo auðvitað ástinni minni henni Hrafninnu. En staðurinn verður allavega vonandi fullur af áskorunum. Hvar það verður veit ég ekki. En ég er allavega tilbúinn í bardagann.



MÆTUM ÖLL Í BLÁU !

UNDANKEPPNI HM 2011
A LANDSLIÐ KVENNA
ÍSLAND – NORÐUR ÍRLAND
LAUGARDAGINN 19. JÚNÍ KL. 16:00
ÍSLAND – KRÓATÍA
ÞRIÐJUDAGINN 22. JÚNÍ KL. 20:00

Miðasala á midi.is

midi.is

kr. 1.000 fyrir 17 ára og eldri
Ókeypis fyrir 16 ára og yngri

STYÐJUM STELPURNAR OKKAR!
BLÁR ER LITUR DAGSINS Á LAUGARDALSVELLI!
ALLIR Á VÖLLINN!



BORGUN

Alltaf í boltanum með KSI



ICELANDAIR



Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í stúkum.
Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn.
Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við inngöngu.
Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku.
Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.

LEIKUR ÁN FORDÓMA

FERILLINN



Bradley Cooper

Hæð: 185 sentimetrar.
Besta hlutverk: Phil Wenneck, aðalhlutverkið í Hangover. Hrikalega fyndin mynd sem gerði Cooper að stórstjörnu.
Skrýtin staðreynd: Talar frönsku reiprennandi.
Eitruð tilvitnun: „Það voru margar Sack Lodge-týpur með mér í menntaskóla.“ (Sack Lodge er skíthællinn sem hann leikur í Wedding Crashers.)

1975 Fæðist 5. janúar í borginni Philadelphia í Pennsylvaníu-fylki.

1997 Útskrifast úr Georgetown-háskóla og flytur til New York til að nema leiklist í New School University.

1999 Preytir frumraun sína þegar hann leikur í sjónvarpsþætti í fyrstu seríu Sex and the City.

2001 Fær hlutverk Will Tippin í sjónvarpsþáttunum Alias sem nutu mikilla vinsælda. Yfirgefur þættina árið 2003.



2005 Leikur aukahlutverk í grínmyndinni Wedding Crashers og sýnir góða frammistöðu.

2006 Kvænist leikkonunni Jennifer Esposito. Þau hætta saman fjórum mánuðum eftir brúðkaupið og skilja skömmu síðar.



2009 Leikur í kvikmyndinni Hangover sem slær rækilega í gegn og hlýtur Golden Globe-verðlaun sem besta gamanmynd ársins. Leikur einnig í He's Just Not That Into You sem nýtur vinsælda. Leikur reyndar líka í myndinni All About Steve og hlýtur Golden Raspberry-skammarverðlaunin með Söndru Bullock fyrir versta þar í kvikmynd það árið. 2009 Byrjar með leikkonunni Renée Zellweger, sem er sex árum eldri. Þau eru ennþá saman í dag.



A-LÍDIÐ ER ÓHRÆTT VIÐ AÐ VADA Í GEGNUM ELDHAF

Frumskýningar helgarinnar

The A-Team

Leikstjóri: Joe Carnahan.
Aðalhlutverk: Liam Neeson, Bradley Cooper, Jessica Biel, Quinton Jackson og Sharlto Copley.
Lengd: 117 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,5 / Metacritic: 4,7 / Rotten Tomatoes: 52%
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Laugarásbíó.



Hópur fyrrverandi hermanna úr fraksstríðinu reynir að hreinsa nafn sitt gagnvart Bandaríkja-her eftir að þeir eru sakaðir um glæp sem þeir segjast vera saklausir af. Myndin er byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum sem nutu mikilla vinsælda á níunda áratugnum.

Toy Story 3D

Leikstjóri: Lee Unkrich.
Leikraddir: Tom Hanks, Tim Allen, Joan Cusack og Michael Keaton.
Lengd: 103 mínútur.
Dómar: IMDB: 9,3 / Metacritic: Ekki komið / Rotten Tomatoes: 100%
Aldurstakmark: Leyfð.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Keflavík og Sambíóin Selfossi.



Addi er orðinn 18 ára og er vaxinn upp úr leikföngunum sínum. Hann ætlar sér að setja þau öll upp á háalof, en móðir Adda gefur þau óvart til leikskóla. Börnin á leikskólanum leika sér ekki fallega með dótið sitt svo Víddi og Bösi, ásamt öllum hinum leikföngunum, leggja á flótta.



BJÓDDU VINUM Í BÍÓ

Monitor ætlar að bjóða nokkrum vinahópum á **The A-Team**. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndabráð vikunnar. Þar getur þú unnið miða fyrir þig og þrjá vini þína á The A-Team.

facebook.com/monitorbladið

Hvað veistu um hasarmyndir?

Ertu franskbrauð eða rúgbrauð þegar kemur að hasar?

- 1 Í hvaða myndum þarf Ellen Ripley að taka á honum stóra sínum?
- 2 Við hvað starfar Casey Ryback, sem leikinn er af Steven Seagal, í Under Siege-myndunum?
- 3 Í hvaða mynd leikur Daryl Hannah persónuna Elle Driver?
- 4 Í hvaða borg er dóttur Liam Neeson rænt í kvikmyndinni Taken?
- 5 Hver leikur aðalhlutverkið í Transporter-myndunum?
- 6 Hvað heitir persónan sem Bruce Willis leikur í Die Hard-myndunum?
- 7 Hver leikstýrði fyrstu Terminator-myndinni?
- 8 Í hvaða myndum segir frá félögum Roger Murtaugh og Martin Riggs?
- 9 Frá hvaða landi kemur Dolph Lundgren?
- 10 Hvaða tveir leikarar fara með aðalhlutverkin í Demolition Man?



BRUCE WILLIS Í FJÓRÐU DIE HARD MYNDINI - ÓDREPANDI AÐ VANDA

Svör: 1. Allen-myndunum, 2. Hann er kokkur, 3. KIMI BILL, 4. Paris, 5. Jason Statham, 6. John McClane, 7. James Cameron, 8. Lethal Weapon, 9. Svíþjóð, 10. Sylvester Stallone og Wesley Snipes.

Popp-korn

Kvikmyndatímaritið Empire hefur valið myndina Sjö Samúræjar, eftir Akira Kurosawa, bestu erlendu kvikmynd allra tíma, það er bestu kvikmynd sem ekki er á enskri tungu. Sjö Samúræjar er japönsk mynd frá árinu 1954 og hefur hún prýtt ófáa lista yfir bestu kvikmyndir í gegnum tíðina. Í öðru sæti hjá Empire var franska myndin Amelie frá árinu 2000 og í þriðja var rússneska myndin Beitskipið Pótemkin frá árinu 1925. Af öðrum góðum myndum sem höfðu á topp 10 má nefna Pan's Labyrinth og City of God.



Nýjasta æðið í Hollywood virðist vera að endurgera klassískar kvikmyndir frá níunda áratugnum. Sú staðreynd að endurgerðir Karate Kid og A-Team voru aðsóknarmestu kvikmyndir vestanhafs um síðustu helgi, á sinn þátt í því. Sagan segir að næst eigi að endurgera myndina Don't Tell Mom The Babysitter's Dead, sem skartaði Christinu Applegate í aðalhlutverki. Myndin, sem er reyndar frá árinu 1991, fjallar um systkini sem þurfa að sjá um sig sjálf þegar barnfóstran þeirra hrekur upp af á meðan foreldrarir eru í frí.



Geoffrey Rush hefur staðfest að hann muni leika í fjórðu Pirates Of The Caribbean-myndinni, sem ber heitið On Stranger Tides og verður frumsýnd í maí á næsta ári. Rush snýr þá aftur í hlutverki Hector Barbossa, en hann er einn af fáum persónum úr fyrri myndunum sem verður með í nýju myndinni. Hvorki Orlando Bloom né Keira Knightley verða með um borð, en Johnny Depp verður að sjálfsögðu á sínum stað í hlutverki Jack Sparrow.



Zach Galifianakis er talinn líklegastur til að leika Mr. Limpet í endurgerð á samnefndri hasarteiknimynd frá árinu 1964. Mr. Limpet er fjölskyldumaður sem dettur af bryggju og breytist í teiknaðan fisk. Í kjölfarið fer hann að hjálpa Bandaríkjaher í baráttunni gegn nasistum. Hljómar sannarlega eins og mesta sýra í heimi, en þessu er spáð miklum vinsældum. Áður en nafn Galifianakis kom til sögunnar töluðu menn um að Jim Carrey eða Johnny Depp myndu leika Limpet.



Sólgleraugu sumarið 2010

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á

www.opticalstudio.is

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK




Ekki vera djöfulsins sökker!

Kynntu þér frábæra kaupauka á ring.is

Stærsti
vínahópur
á Íslandi



Síminn  Ring er ný farsímabjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.



www.facebook.com/ringjarar